

Rammaáætlun. Verkefnastjórn um vernd
og orkunýtingu náttúrusvæða 2013-2017
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2016
Tilvísun: 2014090007/21.0
Verknúmer: 1384000

Efni: Rýni á drögum að skýrslu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar frá 11. maí 2016

Þann 11. maí 2016 gaf verkefnisstjórn þriðja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar út skýrslu undir heitinu *Drög að lokaskýrslu* með undirtitlinum *til umsagnar 11. maí til 3. ágúst*. Orkustofnun hefur nú rýnt skýrsluna og fylgja athugasemdir stofnunarinnar í fylgiskjali með þessu bréfi. Fylgiskjalið ber yfirskriftina *Rýni á drögum að skýrslu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar frá 11. maí 2016*.

Þann 31. mars 2016 voru fyrstu drög skýrslu verkefnisstjórnar kynnt og var sú útgáfa til umsagnar til 20. apríl 2016. Orkustofnun sendi inn athugasemdir við skýrsludrögin þann 20. apríl 2016 og ítrekar hér allt sem sett var fram í því erindi sem finna má á vef stofnunarinnar enda virðist verkefnisstjórn ekki hafa tekið tillit til þeirra andmæla:

<http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2016-04-20/Athugasemdir-vid-drog-ad-skyrslu-verkefnisstjornar.pdf>

Þetta erindi ásamt fylgiskjali er að finna á vef stofnunarinnar:

http://www.os.is/media/raforka/erindi_verkefnisstjorn_27072016.pdf

http://www.os.is/media/raforka/ryni_drog_skyrsla_orkunytngaraetlunar_11052016.pdf

Orkustofnun vonar að þessi rýni stofnunarinnar geti orðið að gagni í vinnu núverandi og síðari verkefnisstjórna verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar), og er ætíð reiðubúin að veita frekari skýringar, jafnframt því sem áskilinn er réttur til að koma á framfæri athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra



Erla Björk Þorgeirsdóttir



Kristinn Einarsson

Afrit sent til:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytis
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis

Fylgiskjöl:

Rýni á drögum að skýrslu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar frá 11. maí 2016